

Efnistaka Ístaks í Stapafelli, Grindavíkurbæ

Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 INNGANGUR

1.1 Athugun Skipulagsstofnunar

Þann 13. mars 2017 lagði Ístak fram frummatsskýrslu um efnistöku í Stapafellsnámu á Reykjanesi til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýstar opinberlega þann 17. mars 2017 í Lögbirtingablaðinu og Fréttablaðinu. Frummatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 17. mars til 2. maí 2017 á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Þann 13. júní 2017 lagði Ístak fram matsskýrslu og óskaði eftir áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

1.2 Gögn lögð fram

Frummatsskýrsla: Efnistaka í Stapafelli, Reykjanesi. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. Ístak - Efla verkfræðistofa, 13. mars 2017.

Umsagnir bárust frá:

- Grindavíkurbæ með bréfi dags. 31. mars 2017.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 10. apríl 2017.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 24. mars 2017.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 31. mars 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. mars 2017.

Matsskýrsla: Efnistaka í Stapafelli, Reykjanesi. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla. Ístak - Efla verkfræðistofa, 29. maí 2017.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að Ístak hyggist halda áfram núverandi efnisvinnslu í Stapafellsnámu til að afla jarðefnis til vega- og mannvirkjagerðar. Samkvæmt svæðisskipulagi Suðurnesja sé efnisþörf mikil til framtíðar þar sem áætluð sé mikil uppbygging á atvinnuhúsnæði og stækkun íbúðarbyggðar á Suðurnesjum.

Fram kemur að efni hafi verið unnið úr Stapafelli frá því um 1950, þegar uppbygging byrjaði á varnarliðssvæðinu. Náman liggja á Reykjanesi miðju á sveitarfélagsmörkum Reykjanesbæjar og Grindavíkurbæjar. Efnistökusvæðið sem Ístak sé með til umráða sé innan Grindavíkurbæjar en tveir rekstraraðilar séu í Stapafellsnámu, Íslenskir aðalverktakar og Ístak. Til umfjöllunar í þessu mati sé sá hluti námunnar sem sé á forræði Ístaks og sé athafnasvæði Ístaks 17,4 ha að flatarmáli. Fram kemur að á undanförunum áratugum hafi verið unnið töluvert magn úr námunni og sé gert ráð fyrir áframhaldandi vinnslu á svæðinu til ársins 2030 sem nemur um 1,7 milljónir m³ af bögglabergi og



um 340.000 m³ af sandi og möl. Næstu tvö árin sé áætlað að taka um 300.000 m³ á ári. Næstu ár þar á eftir er ráðgert að taka um 130.000 m³ á ári til 2030 þegar námunni verði lokað.

Í matsskýrslu kemur fram að allt að fjórir starfsmenn verði að störfum við efnisvinnslu, efnislosun og afgreiðslu. Að öllu jöfnu verði í námunni hjólaskófla, brjótur og harpa eftir þörfum. Efni sem notuð verði í tækjunum séu vélaolía, smurólía og glussaolía. Ekki sé gert ráð fyrir að geyma olíubirgðir á svæðinu utan nokkurra brúsa af smurólíu og glussa og muni bíll koma reglulega og sjá um nauðsynleg olíuskipti. Komið verði upp viðeigandi lekavörnum á svæðinu þar sem olíubíllinn muni sjá um olíuskipti, til að koma í veg fyrir að olía og spilliefni berist í jarðveg ef óhöpp verði. Lögð verði áhersla á viðhald vinnuvéla til að draga úr líkum á mengunarslysi. Fram kemur að aðkoma að námunni sé frá Hafnavegi (nr. 44) og sé áætlað að umferð vörubíla vegna efnistöku Ístaks verði um 30-35 bílar á dag til og frá svæðinu á meðan á efnistöku stendur.

3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í matsskýrslu Ístaks er lagt fram mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnun um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Í leiðbeiningunum eru skilgreindar einkunnir fyrir vægi umhverfisáhrifa þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg áhrif, talsvert jákvæð og verulega jákvæð. Skýringar á ofangreindum hugtökum er að finna í töflu 4 í leiðbeiningunum og töflu 2 í matsskýrslunni. Í þessu álitinu notar Skipulagsstofnun sömu vægiseinkunnir og gert er í matsskýrslu.

Í matsskýrslu er lagt mat á áhrif á vatnsvernd, ásýnd og landslag, fugla og spendýr, gróður, náttúruuminjar, fornleifar, umferð og jarðmyndanir. Einnig samlegðaráhrif allrar efnistöku í Stapafelli á jarðmyndanir, ásýnd og landslag.

3.1 Vatn

Í matsskýrslu kemur fram að efnistökusvæðið við Stapafell er að mestu staðsett á fjarsvæði vatnstökusvæðis í Lágum en 1,5 ha af alls 17,4 ha séu innan grannsvæðis vatnsverndar. Aðkomuvegur að námunni frá Grindavíkurvegi liggja sömuleiðis um fjarsvæði sömu vatnsverndar. Vegurinn þjóni báðum aðilum á svæðinu við Stapafell. Grunnvatnsstraumur undir efnistökusvæðinu sé í suðvestur í átt frá vatnstökusvæðinu og haldist það í hendur við ríkjandi sprungustefnu á svæðinu. Grunnvatn frá efnistökusvæðinu fylgi þessum sprungum og fari hluti þess m.a. í gegnum grannsvæði vatnsverndar við Sýrfell um 10,5 km suðvestan við Stapafell og renni síðan til sjávar í Sandvíkum og norðan Hafnarbergs.

Fram kemur í matsskýrslu að hverfandi líkur séu á stóru mengunarslysi en hugsanlega gæti lekið úr vinnuvél á svæðinu, þ.e. glussa- og olíuleki. Engar olíubirgðir séu geymdar á staðnum, utan lítilla brúsa með glussa og smurólíu og líklegt sé að grunnvatni á svæðinu stafi mun meiri hætta af umferð olíubíla um Grindavíkurveg. Yfirborðsjarðmyndanir á framkvæmdasvæðinu séu hins vegar mjög gropnar inni á vinnslusvæðinu þar sem búið er að fjarlægja jarðveg ofan af berggrunni innan námunnar. Efni sem notuð séu á svæðinu, þ.e. vélaolía, smurólía og glussaolía, eigi því greiða leið niður í grunnvatn á svæðinu ef óhapp verður. Olíubíll komi þegar þess þarf og fylli á vélar.

Fram kemur að vinnuvélum verði vel viðhaldið til að draga úr líkum á mengunarslysi. Komið verði upp viðeigandi lekavörnum á svæðinu í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits, til að koma í veg fyrir að olía og spilliefni berist í jarðveg ef óhöpp verði. Starfsfólki á svæðinu verði kynntar öryggisreglur fyrir verktaka og aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæði í samvinnu við heilbrigðiseftirlit. Ef óhapp verður sé unnið eftir þeim viðbragðsáætlunum sem lýst er í matsskýrslu. Með hliðsjón af ofangreindu er það mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatn og vatnsvernd séu óveruleg.



Niðurstaða

Eins og fram kemur í matsskýrslu er reglubundinn rekstur námunnar ekki líklegur til að hafa neikvæð áhrif á grunnvatn. Hins vegar er náman á vatnsverndarsvæði og umhverfi hennar þakið ungum hraunum sem eru mjög gropin. Grunnvatnsstraumur undir efnistökusvæðinu er þó í ítt frá vatnstökusvæðinu að Lágum. Ef eitthvað fer úrskeiðis eiga olíuefni og önnur mengunarefni greiða leið ofan í grunnvatnið. Það er því afar brýnt að við námureksturinn verði allri starfsemi hagað þannig að hætta á því að mengunarefni á borð við olíu berist ekki í jarðlög. Jafnframt að til staðar sé viðbragðsáætlun um það hvernig skuli brugðist verði við ef mengunaróhöpp eiga sér stað. Gangi það eftir, telur Skipulagsstofnun að ekki sé líklegt að mengandi efni berist í grunnvatn.

3.2 Ásýnd og landslag

Í matsskýrslu kemur fram að Stapafell sé sýnilegt víða að, m.a. frá Reykjanesbraut, Hafnavegi og Grindavíkurvegi auk þess að vera sýnilegt göngufólki frá Árnastíg og Skipsstíg og öðrum svæðum í nágrenninu. Áhrifa af efnistökkunni gætir nú þegar þar sem efnistaka hefur verið á svæðinu í yfir 60 ár. Stærstum hluta Stapafells hefur nú þegar verið raskað með efnistöku.

Fram kemur að Ístak muni, í samráði við viðkomandi sveitarfélög og stofnanir, ráðast í frágang á svæðinu þegar efnistöku ljúki. Land verði mótað og aðlagað að núverandi landi. Gengið verði frá yfirborði til samræmis við umhverfið í kring. Þar sem svæðið í kringum Stapafell sé fremur ójafnt, verði forðast að hafa skarpar línur við frágang. Til að flýta fyrir landnámi grenndargróðurs ásamt því að hindra vatns- og vindrof sé nauðsynlegt að bera á svæði t.d. með því að sá einæru grasfræi. Með því sé meiri möguleiki á að staðargróður nái fótfestu innan svæðisins. Gróðursérfræðingur verði hafður með í ráðum þegar farið verði í frágang á svæðinu. Við frágang verði leitast við að nýta námusvæðið sem áningarstað/útivistarsvæði, þar sem Árnastígur fari um það.

Niðurstaða

Óhjákvæmilegt er að mati Skipulagsstofnunar að skoða áhrif efnistöku Ístaks á ásýnd og landslag með efnistöku Íslenskra aðalverktaka úr sömu jarðmyndun. Stapafell er ekki hátt fjall en stendur á flatlendi utarlega á Reykjaneskaganum og ber talsvert á því úr nokkurri fjarlægð. Það efnisnám úr námunum tveimur sem hefur verið stundað í áratugi hefur lækkað fellið talsvert frá því sem var áður en efnistaka hófst og valdið varanlegum og óafturkræfum breytingum á umhverfi Stapafells. Með áframhaldandi efnistöku mun fjallið hverfa. Það er því niðurstaða Skipulagsstofnunar að samlegðaráhrif efnistökkunnar úr námunum tveimur muni hafa talsvert neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins. Í matsskýrslu hefur verið greint frá því að stefnt sé að því að aðlaga svæðið að formum í næsta umhverfi þegar gengið verður frá því við lok efnistöku. Skipulagsstofnun telur að slíkan frágang þurfi að skipuleggja frá byrjun og hefjast strax handa við að forma þau svæði sem ekki verða notuð frekar. Þar með verða opin röskuð svæði sem minnst að umfangi á rekstrartíma námunnar.

3.3 Náttúruminjar

Í matsskýrslu kemur fram að að hluti efnistökusvæðisins sé innan svæðis á náttúruminjasrá en í jaðri þess. Um er að ræða svæðið Reykjanes-Eldvörp-Hafnaberg, en mörk þess liggja þvert í gegnum Stapafell. Efnistökusvæðið sé þegar raskað og bergið eða lífríki í Stapafelli sé ekki forsenda fyrir verndun svæðisins. Í ljósi framangreinds meti framkvæmdaraðili áhrif á náttúruminjar óveruleg.

Niðurstaða

Náttúruminjasrásvæðið sem um ræðir er talsvert stórt og innan þess er m.a. að finna jarðhitasvæði, gígaraðir, fuglabjarg og hverasvæði. Efnistaka úr Stapafelli fer fram í móbergsmýndun sem er á jaðri þess. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og telur neikvæð umhverfisáhrif á náttúruminjasrásvæðið að mestu leyti fram komin eftir áratuga efnisnám á svæðinu. Sú viðbót sem hér er til umfjöllunar muni hafa óveruleg áhrif á náttúruminjar.



3.4 Jarðmyndanir

Í matsskýrslu kemur fram að Stapafell sé móbergsmýndun sem sé að mestu bólstraberg og sé núverandi og fyrirhuguð vinnsla efnis úr þeim myndunum. Í stefnumörkum stjórnvalda um sjálfbæra þróun segi að forgangsmál sé að vernda landslag og sérstæð fyrirbæri sem séu óvenjuleg í okkar heimshluta og einkennandi fyrir landið, t.d. móbergsfjöll. Í sama stefnuskjali kemur fram að æskilegt sé að nám jarðefna fari fram á tiltölulega fáum og afmörkuðum námusvæðum þar sem fáar og stórar námur hafi minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar. Námuvinnsla hafi verið stunduð í Stapafelli í áratugi og sé því ekki um að ræða óraskað móbergsfjall.

Fram kemur í matsskýrslu að áframhaldandi vinnsla á þessum stað stuðli að því að nám jarðefna fari fram á stærri og færri stöðum. Ekki sé gert ráð fyrir röskun eldhrauna né röskun á jarðmyndunum utan þess svæðis sem þegar hafi verið raskað. Áhrif efnisvinnslunnar séu því talin neikvæð og óafturkræf en nái ekki til umfangsmikils svæðis. Ekki þyki nauðsynlegt að leggja til mótvægisáðgerðir til þess að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á jarðmyndanir. Náman hafi verið mikið notuð sem rannsóknarstaður fyrir jarðvísindamenn og nemendur og hafi mikið fræðilegt gildi. Ístak muni sjá til þess að varðveita hluta af jarðmyndunum með því að gera dæmigert snið í gegnum myndunina á ákveðnu svæði.

Umsagnir

Í umsögn Umhverfisstofnunar er vísað til þess að snið í gegnum jarðlög í námunni hafi lengi þótt hafa mikið fræðslugildi fyrir jarðfræðinga. Umhverfisstofnun telur jákvætt að varðveita svæði í námunni sem kunna að hafa fræðslugildi. Stapafell eins og það líti út í dag eftir áratuga efnistöku hafi ekki mikið verndargildi sem jarðmyndun.

Niðurstaða

Efnistaka Ístaks í Stapafelli mun hafa varanleg, óafturkræf neikvæð áhrif á þær jarðmyndanir sem verða fjarlægðar. Þó svo að móbergsmýndanir séu útbreiddar á Íslandi þá eru þær fágætar á heimsvísu og því ábyrgð Íslendinga að varðveita þær eins og kostur er. Í ljósi þess og með hliðsjón af varanleika og óafturkræfni áhrifa á móbersmyndanirnar telur stofnunin að áhrifin verði talsvert neikvæð. Skipulagsstofnun tekur undir áform um að varðveita snið í gegnum jarðmyndunina þannig að staðurinn geti áfram þjónað sem fræðslusvæði fyrir nemendur og jarðvísindamenn.

4 SKIPULAG OG LEYFI

Í Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 er gert ráð fyrir efnistöku í Stapafelli. Þar er jafnframt tilgreint að sveitarfélög skuli skilgreina frágang námasvæða í leyfisveitingum og athuga hvort hægt sé að nýta frágengin efnistökusvæði til útivistar.

Einnig er gert ráð fyrir efnistöku í Stapafelli í Aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 og Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008-2024. Í aðalskipulagi Grindavíkurbæjar er tilgreint að á svæði Íslenskra aðalverktaka í Stapafelli sé gert ráð fyrir að vinna u.þ.b. 7 milljónir m³ og á svæði Ístaks 1-1,3 milljónir m³. Þau framkvæmdaáform sem Ístak hefur kynnt við mat á umhverfisáhrifum eru talsvert umfram þau stærðarmörk. Gæta þarf að þessu við gerð deiliskipulags og leyfisveitingar til efnistöku á svæðinu. Sé áformað að vinna meira efni á svæðinu en aðalskipulag gerir ráð fyrir, kallar það á breytingu á aðalskipulagi áður en gengið er frá deiliskipulagi og leyfisveitingum.

Ekki liggur fyrir deiliskipulag af efnistökusvæðinu í Stapafelli. Skipulagsstofnun telur að leyfisveitingar til svo umfangsmikillar og langvarandi efnistöku þurfi að byggja á deiliskipulagi. Jafnframt minnir stofnunin á að afmörkun deiliskipulags skal jafnan miða við að deiliskipulag taki til svæðis sem myndar heildstæða einingu. Í tilviki Stapafells telur stofnunin að vinna beri eitt deiliskipulag fyrir alla efnistöku í Stapafelli og ef við á Súlum sem Grindavíkurbær og Reykjanesbær þurfa að standa að sameiginlega. Í deiliskipulagi svæðisins verði mörkuð stefna um frágang og



uppgæðslu svæðisins sbr. kafla 3.2 að framan, auk þess sem þar verði gert ráð fyrir sýningarstað á sniði í jarðmyndunina til kennslu sbr. kafla 3.4 að framan.

Efnistaka Ístaks er háð framkvæmdaleyfi Grindavíkurbæjar samkvæmt 13.-15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

5 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Ístaks sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif efnistöku Ístaks í Stapafelli á Reykjanesi felist í varanlegum og óafturkræfum áhrifum á landslag og jarðmyndanir. Unnt er að milda áhrifin eins og ráðgert er að gera annars vegar með frágangi á svæðinu í verklok til að jafna út ummerki eftir efnistöku og forma landið eftir því sem mögulegt er að því náttúrulega umhverfi sem umlykur námuna. Hins vegar með því að sjá til þess að leifar af jarðmynduninni geti áfram þjónað því hlutverki að vera fræðslustaður fyrir nemendur og jarðvísindamenn.

Efnistökusvæðið er á vatnsverndarsvæði og er umhverfi þess þakið ungum hraunum sem eru mjög gropin. Reglubundinn rekstur námunnar er ekki talinn líklegur til að hafa neikvæð áhrif á grunnvatn. Ef eitthvað fer úrskaiðis eiga olíuefni og önnur mengunarefni greiða leið ofan í grunnvatnið. Það er því afar brýnt að í leyfum og við námureksturinn verði allri starfsemi hagað þannig að hætta á því að mengunarefni á borð við olíu berist í jarðlög sé hverfandi. Jafnframt að til staðar sé viðbragðsáætlun um það hvernig skuli brugðist við ef mengunaróhöpp eiga sér stað.

Stapafell er á jaðri svæðis á náttúruminjaskrá sem er talsvert stórt og innan þess er m.a. að finna jarðhitasvæði, gígaraðir, fuglabjarg og hverasvæði. Efnistaka úr Stapafelli fer fram í móbergsmýndun sem er á jaðri þessa svæðis. Þó svo að móbergsmýndanir séu útbreiddar á Íslandi þá eru þær fágætar á heimsvísu og því ábyrgð okkar að varðveita þær eins og kostur er. Í þessu tilviki eru neikvæð áhrif á móbergsmýndunina að mestu leyti fram komin eftir áratuga efnisnám á svæðinu. Sú viðbót sem hér er til umfjöllunar mun hafa óveruleg áhrif á náttúruminjar en talsvert neikvæð á jarðmyndanir.

Reykjavík, 10. júlí 2017

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson